


Alþingi
Erindi nr. P 138/2383
komudagur 7.5. 2004

Ályktun stjórnar Félags fréttamanna vegna fjölmiðlafrumvarps ríkisstjórnarinnar. Sent allsherjarnefnd Alþingis.

Stjórn Félags fréttamanna lýsir furðu sinni á þeim mikla hraða sem viðhafður er við afgreiðslu á fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það er lágmarkskrafa að gefinn sé góður tími til ræða og fara yfir svo margslungið mál sem fjölmiðlafrumvarpið tekur á. Það snertir ýmsar grundvallarspurningar um þjóðfélag okkar í framtíðinni - um atvinnufrelsi, tjáningarfelsi, eignarhald, leikreglur á fjölmiðlamarkaði, atvinnuöryggi hundruða manna o.fl. Stjórn Félags fréttamanna telur fráleitt að ætla að afgreiða frumvarpið á yfirstandandi þingi án fullnægjandi umræðu þjóðar og þings. Stjórnin lýsir undrun sinni á því hvers vegna allsherjarnefnd Alþingis hefur ekki leitað eftir álit og umsögn Félags fréttamanna um frumvarpið.

7.maí 2004

Fyrir hönd stjórnar Félags fréttamanna RÚV


Jón Gunnar Grjetarson, formaður